

## Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

6. fundur haldinn á skrifstofu FSÍ 27. 9. 2016 kl. 18:00

Fundinn sátu: Arnar Ólafsson, Kristín Ívarsdóttir, Sunna Sigurðardóttir, Þór Ólafsson, Anton Heiðar Þórólfsson, Þóra Margrét Hjaltested, Sólveig Jónsdóttir, Íris Svavarsdóttir og Sæunn Viggósdóttir.  
Forföll tilkynnti: Jarþrúður Hanna Jóhannsdóttir

Fundargerð ritaði: Sæunn Viggósdóttir

### 1. Ósk TK um fjárhagslegan stuðning vegna verkefnisins Úrvalshópur - Ólympíuleikar 2024

Anton kynnir erindið nánar og fylgir því eftir á fundi

Stjórn fagnar vinnu TK og tekur þessu erindi mjög vel.

Erindi vísað áfram til skrifstofu og TK til áframhaldandi vinnu

### 2. Ósk TK um fjárhagslegan stuðning vegna Intercontinental námskeiðs – Björn Magnús Tómasson

Fjárhagsáætlun lögð fyrir fundinn.

Erindi samþykkt.

### 3. Kynning TK á áætlaðri tímalínu um dómarnámskeið er varða CoP og íslenska fimleikastigann 2017-2020

Anton kynnir tímalínu um dómarnámskeið og útskýrir einstaka þætti línunnar betur.

### 4. Kynning TK á áætlaðri tímalínu um verkefni er varða íslenska fimleikastigann

Anton kynnir tímalínu varðandi íslenska fimleikastigann og útskýrir einstaka þætti línunnar betur.

### 5. Ósk Fimleikadeildar Hattar um breyttan fjölda í liðum

Fimleikadeild Hattar óskar eftir undanþágu um færslu keppenda frá 1. flokki í hóp fimleikum og yfir í Meistaraflokk B fyrir keppnisárið 2016/2017.

Erindi samþykkt, með fyrirvara um að ekki séu fleiri iðkendur skráðir í félagið fyrir

## 6. Tilkynning um val landsliðsþjálfara á Norður Evrópumót í áhaldafimleikum

Kristinn vikur af fundi.

Landsliðsþjálfarar karla skiluðu inn þremur nöfnum í landslið.

Landsliðsþjálfarar kvenna skiluðu inn sjö nöfnum í landslið en einungis var óskað eftir fimm.

Lagt til að þrír keppendur fari í áhaldafimleikum karla, einn dómari, og einn þjálfari. Fimm keppendur fari í áhaldafimleikum kvenna, tveir þjálfarar og tveir dómarar. Fararstjóri í ferðinni verður Hildur Ketilsdóttir.

**Fundi slitið kl. 19:15**

**7. fundur stjórnar verður haldinn þann 11. október kl. 18:00**